

11.02.2011

Athugasemd við forsíðufrétt Morgunblaðsins 11. febrúar 2011

Landsbankinn hefur ekki óskað eftir sérstökum fundi með Skilaneftnd Landsbanka Íslands hf. til að „vara við því að hætta væri á að greiðsluflæði gjaldeyris inn í NBI stæði ekki fyllilega undir afborgunum af skuldabréfinu...“ eins og lesa má í frétt Morgunblaðsins í dag. Sú frétt er reyndar stormur í vatnsglasi og þjónar einhverjum tilgangi öðrum en að upplýsa lesendur.

Gjaldeyrissaða Landsbankans er sterk og gjaldeyriseignir og –skuldir í jafnvægi. Þegar horft er 5 – 7 ár fram í tímann kann að verða misrämi milli inn- og útgreiðslna í erlendri mynt en það er þó alls ekki víst. Alltaf hefur verið ljóst að Landsbankinn þyrfti að endurfjármagna hluta af erlendum skuldum sínum líkt og á við um flesta banka og fyrirtæki hér á landi og erlendis.

Einhverjur munu lesa frétt Morgunblaðsins og þá sérstaklega fyrirsagnir á innsíðum sem svo að bankinn standi ekki undir skuldbindingum sínum. Óþarfir er að hafa áhyggjur af slíku, bankinn er með mjög sterka eiginfárstöðu og telur enga þörf á frekari inngreiðslum eiginfjár frá eigendum.

Lausafjárstaða Landsbankans er einnig mjög sterk, hlutfall hennar er um 46% af innlánum sem er mjög hátt og því ætti Landsbankinn að geta keypt erlendan gjaldeyrí á næstu árum til að mæta skuldbindingum sínum, gerist þess þörf.

Afar ólíklegt verður því að teljast að þessi atburðarás sem Morgunblaðið oftúlkari að hætti hússins, muni hafa áhrif á Icesave málið og skuldbindingar íslenska ríkisins vegna þess.

Í annað skipti á mjög stuttum tíma hefur Morgunblaðið nú kosið að birta villandi skrif á forsíðu um Landsbankann. Síðastliðinn laugardag dregur blaðið fram með áberandi hætti, byggt á stopulu minni útværpsstjóra Ríkisútvarpsins, að ríkið hafi lagt Landsbankanum til 280 milljarða króna. Hið rétta er að ríkið lagði bankanum til 122 milljarða króna og skeikar því litlum 158 milljörðum króna. Óskandi væri að Morgunblaðið sýndi lesendum sínum þá kurteisi að grafast fyrir um staðreyndir og birta það sem sannast er.

Nánari upplýsingar veitir:

Landsbankinn – Kristján Kristjánsson
Tölvupóstur: pr@landsbankinn.is Sími: 410 7100/899 9352